

Aðkomuvegur að mastri í Þrengslum, Sveitarfélaginu Ölfusi

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 4. desember 2024 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Orkuveitu Reykjavíkur um aðkomuveg að mastri í Þrengslum, Sveitarfélaginu Ölfusi, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.08 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Ölfus, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar og Vegagerðarinnar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Aðkomuvegur að mastri í Þrengslum, Sveitarfélagið Ölfus, Matsskyldufyrirspurn. Orkuveita Reykjavíkur – Efla. 3. desember 2024.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 13. janúar 2025
- Náttúrufræðistofnun dags. 16. janúar 2025
- Náttúruverndarstofnun dags. 20. febrúar 2025
- Vegagerðinni dags. 15. janúar 2025


Ekki bárust umsagnir frá Sveitarfélaginu Ölfusi og Minjastofnun Íslands vegna málsins.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 18. og 27. febrúar 2025.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í lagningu aðkomuvegar í Þrengslum að fyrirhuguðu vindmælingarmastri Orkuveitunnar á landareign sinni norðan Litla-Sandfells. Reisa á mastrið til að kanna vindafar á svæðinu og möguleika til þess að nýta vindorku. Vegslóðin sem um ræðir er 1,7 km að lengd og verður lagður frá námuvegi Litla-Sandfells, norður fyrir fellið og út á hraunbreiðuna. Landslagsyfirborðið er nokkuð slétt og sterkt svo ekki er reiknað með neinni jarðvinnslu heldur verður að meðaltali 60 cm þykkt efnislag lagt ofan á núverandi yfirborð alla leiðina. Vörubílar munu bakka út slóðann og hella niður efni á undan sér þannig að ekki þarf að fara út fyrir veglínu við lagningu vegslóðans. Vindmælingarmastrið er sett saman úr mörgum léttum einingum svo vegslóðin þarf ekki að bera þungaflutninga. Slóðin verður 4 m breiður og er heildarefnispörf metin 5.500 m³ og fæst það efni úr námum í nágrenninu, Litla-Sandfelli eða Lambafelli. Vegurinn er alfarið innan landareignar Orkuveitunnar og verður óviðkomandi umferð óheimil. Engar breytingar verði á Þrengslavegi eða framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis þess vegar.

Orkuveitan gerir sér grein fyrir því að svæðið er þakið hrauni og hefur frá upphafi lagt áherslu á að lágmarka fótspor framkvæmdanna. Því var leitast við að finna mastrinu stað sem kölluðu á sem minnst mögulegt rask. Þrír staðir voru skoðaðir sérstaklega:



Mynd 1. Staðsetningar sem skoðaðar voru með tilliti til staðsetningar vindmælingarmasturs (Úr greinargerð).

Staðsetning 1, hefði þýtt minna rask á hrauni heldur en ný gatnamót við Þrengslaveg með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á umferðaröryggi. Þessi staðsetning er auk þess mjög nálægt fjöllum austan við Þrengslin sem hafi neikvæð áhrif á gæði vindmælinga. Það sama eigi við um **staðsetningu 2**, Litla-Sandfell og Litli-Meitill hafi of mikil áhrif á gæði vindmælinga. Ekki er talinn annar kostur en að hafa vindmælingarmastrið lengra úti á opnu svæði fjær fjöllum og því hafi **staðsetning 3** sem hér er til umfjöllunar verið valin. Best væri að vera á miðri hraunbreiðunni en slíkt hefði kallað á mun lengri vegslóða og meira rask.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að mikilvægt sé að fjalla nánar um umfang og afmörkun verkefnisins og samlegðaráhrif með öðrum framkvæmdum þar með talið. Stofnunin leggja til að ef verkefnið nái einnig til vindorkugarðs að skoðaðir verði fleiri valkostir varðandi staðarval fyrir hann og samlegðaráhrif tengdra framkvæmda áður en farið sé í vindrannsóknir sem valdi raski á hrauni sem njóti sérstakrar verndar. Þeir umhverfispættir sem mikilvægt sé að skoða sem vindmyllugarður geti haft áhrif á sé rask á hrauni, áhrif á landslag, ásynd og útivist og Bláfjallafólkvang, auk annarra þátta, en hér sé verið að fara í rannsóknir á svæði sem sé óraskað.

Náttúruverndarstofnun sem áður var Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin hafi í sínum umsögnum bent á að stuðla eigi að fáum en stórum vindorkuverum frekar en fjölda minni og leggja áherslu á að þau verði staðsett innan um mannvirki núverandi orkuvinnslusvæða og í nágrenni þeirra, þannig að innviðir nýtist sem best. Vindorkugarður á þessu svæði geti valdið óafturkræfu raski á hrauni og gæti haft neikvæð áhrif á marga umhverfispætti.

Náttúruverndarstofnun bendi á mikilvægi þess að vegurinn sé afmarkaður með tilliti til verndargildis jarðmyndana á svæðinu. Stofnunin velti því fyrir sér hvort ekki sé hægt að koma mastrinu fyrir án veglagningar s.s. með þyrlu eða akstri á snævi þakinni og frosinni jörð. Þannig



mætti einnig komast á stað í miðri hraunbreiðunni sem framkvæmdaraðili telji bestan en vilji síður fara á til að lágmarka rask vegna vegagerðar.

Hafa verði í huga að vegurinn muni standa þarna um ókomna tíð jafnvel þó niðurstaða vindmælinganna verði neikvæð. Ef tilgangur rannsókna sé að meta staðsetningu, stærð og fjölda vindmylla sé eðlilegt að veglagningin verði hluti af stærra mati á áhrifum vindorkuvers á svæðinu.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að á undirbúningsstigi hafi verið skoðað hvort hægt væri að reisa mastrið með aðstoð þyrilu. Það hafi verið metið óraunhæft vegna þess að ekki sé í boði slík þjónusta hér á landi. Iðnaðarmenn og þjónustuaðilar þyrftu að ganga um 1,5 km með búnað og verkfæri en leiðin sé torfærin og erfið yfirferðar. Aðgangur þurfi að vera að mastrinu á meðan vindrannsóknunum standi m.a. til að fylla á olíugeymi díselrafstöðvar sem knýi mælingarbúnaðinn og það hafi verið metið óöruggt m.t.t. vatnsverndarsjónarmiða að flytja olíu með þyrilu. Að lokum sé öryggisljós á mastrinu sem geti bilað eða þurft að skipta um peru í og það þurfi að gerast sem fyrst þegar slíkt kemur upp. Öruggt aðgengi þurfi því að vera tryggt allan ársins hring.

Hvað varði akstur á snævi þakinni jörð þá séu einnig ástæður fyrir því að það hafi ekki verið raunhæfur valkostur. Mastrið sé hátt og starfsmenn þurfi að klifra hátt við samsetningu. Því þurfi framkvæmdir, öryggisins vegna að vera á þeim árstíma sem veðurfar sé sem best og vindur í lágmarki. Því komi ekki til greina að mati Orkuveitunnar að framkvæmdir séu yfir vetrartímann þegar jörð sé snævi þakin. Þó að landslagið sé flatt á að líta úr fjarlægð sé hraunið ójafnt og ekki ökufært flutningabílum eða almennum ökutækjum. Í hrauninu leynist sprungur og m.t.t. öryggis starfsmanna og vatnsverndar sé ekki talið koma til greina að fara um hraunið þegar snjór feli sprungur.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Orkuveitu Reykjavíkur og umsögnum umsagnaraðila.

Jarðmyndanir

Í greinargerð Orkuveitu Reykjavíkur kemur fram að vegslóðinn verði ofan á hrauni sem njóti sérstakrar verndar 61 gr. náttúruverndarlaga. Ekki sé þó um eiginlegt rask á hrauninu að ræða þ.e. ekki sé verið að grafa að ráði í hraunið eða flytja það á brott, heldur eigi að hylja það með mól eftir veglínunni.

Vegslóðinn verði á Leitarhrauni sem rann fyrir um 5.200 árum. Óhjákvæmilegt sé að fara yfir hraun við framkvæmdirnar en mjög lítil hluti hraunsins verði fyrir raski eða innan við 1 ha en Leitarhraun er á annað hundrað ferkílómetrar að stærð. Orkuveitan hafi mikla reynslu af vinnu á hrauni en stór hluti af starfssvæði Orkuveitunnar sé á hrauni og lagt verði upp með að rask verði sem allra minnst.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að fyrirhuguð vegagerð sé öll á nútímahrauni sem njóti sérstakrar verndar og beri að forðast að raska nema brýna nauðsyn beri til og ef ekki fáið leyfi til vindorkuframleiðslu sé vegurinn óþarfur. Ekki sé því hægt að sjá að brýn nauðsyn kalli á þetta rask og tekur Náttúruverndarstofnun undir það atriði og bendir á að skv. 61. gr. náttúruverndarlaga beri að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falli nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé hægt að vita fyrirfram hvort leyfi fáið eða ekki en tilgangur með framkvæmdum sé hins vegar að gera haldgóðar vindmælingar og þær séu



nauðsynlegur liður í því að rannsaka nýja kosti fyrir endurnýjanlega raforku og grundvöllur þess að ákvarðanataka um virkjun byggji á sem bestum gögnum.

Vatnsvernd

Í greinargerð Orkuveitu Reykjavíkur kemur fram að vegslóðinn sé á fjarsvæði vatnsverndar sem náði allt frá Herðísarvík og langleiðina í Hveragerði. Framkvæmdasvæðið sé innan vatnshlots nr. 104-290-G Selvogsstraums 3 skv. flokkun í vatnavefsjá stjórnar vatnamála. Ekki sé verið að grafa ofan í jörðina og framkvæmdatími sé stuttur og óviðkomandi umferð verði bönnuð. Umferðin sé því minniháttar um slóðann. Fram kemur að sótt verði um leyfi til heilbrigðisnefndar sbr. kröfur samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla. Tæki sem notuð verði til framkvæmdanna verði lekaskoðuð til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp. Áhrif á vatnsvernd, vatnsgæði og vatnshlot séu talin óveruleg. Ekki sé talið að framkvæmdin muni hafa áhrif á umhverfismarkmið vatnshlotsins Selvogsstraums 3.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að framkvæmdasvæðið sé innan Selvogsstraums 3. Grunnvatnshlotið sé m.a. nýtt af vatnsverksmiðju við Hlíðarenda, byggðinni í Þorlákshöfn og nokkrum fiskeldisfyrirtækjum vestan við Þorlákshöfn og því séu gríðarleg verðmæti fólgin í því að vatnið mengist ekki. Veglagning og notkun vinnuvéla á svæðinu, auk fyrirhugaðrar vindorkuframleiðslu hafi mengunarhættu í för með sér og það sé áriðandi að allt sé gert til að koma í veg fyrir að mengun berist í grunnvatn. Það sé mat stofnunarinnar að veglagningin eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrif fyrirhugaðs vindorkuvers eigi að meta samhliða.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að sú staðsetning sem ákveðin hafi verið fyrir vindmælingar, út frá gæðum rannsóknargagna, krefjist þess að veglagningin sé á þeim stað sem ráðgert er.

Framkvæmdin sé smá í sniðum, verktími stuttur og Orkuveitan, eigandi vatnsbóla Höfuðborgarsvæðisins sé líklega sá aðili sem hafi mesta reynslu af því að vinna innan vatnsverndarsvæða og geri sér grein fyrir mikilvægi þeirra.

Orkuveitan geti ekki tekið undir þau sjónarmið að veglagningin eigi að fara í umhverfismat. Ástæðan fyrir því sé að í matsskyldufyrirspurninni sé búið að gera grein fyrir helstu áhrifaþáttum og leggja mat á umhverfisáhrif þeirra. Ekki sé talið að mat á umhverfisáhrifum muni bæta við þær upplýsingar sem nú þegar séu komnar fram í matsskyldufyrirspurninni. Það sé ljóst að ekki sé hægt að fara í hönnun og undirbúning vindorkuvers fyrr en rannsóknarniðurstöður liggi fyrir. Þetta séu tvær aðskildar framkvæmdir og niðurstöður rannsókna séu grundvöllur ákvörðunar fyrir því hvort haldið verði áfram eða ekki með verkefnið.

Vistgerðir og fuglalíf

Í greinargerð Orkuveitu Reykjavíkur kemur fram að tvær vistgerðir séu allsráðandi á framkvæmdasvæðinu, þ.e. mosa- og lynghraunavist, en báðar séu þær með miðlungs verndargildi. Vegslóðinn muni þekja um 0,85 ha lands sem sé agnarlítið brot af heildarþekju vistgerðanna á svæðinu. Fuglalíf á svæðinu sé að öllum líkindum nokkuð fábrotið sökum einsleits landslags, lítils gróðurs og lítils yfirborðsvatns. Helst séu það mófuglar sem megi vænta á svæðinu og að öllum líkindum ekki í miklum þéttleika. Vegurinn sé mjó lína í útbreidda vistgerð með sambærileg búsvæði allt í kring. Búsvæðatap verði því minniháttar og áhrif á varp og fæðuöflun óveruleg. Framkvæmdatími sé stuttur og engin regluleg umferð verði um slóðann eftir að vindmælingarmastrið verði risið. Truflun af völdum ökutækja sé því óveruleg og ekki sé gert ráð fyrir að fuglum muni fækka á svæðinu sökum vegslóðans.

Ásýnd og landslag

Í greinargerð Orkuveitu Reykjavíkur kemur fram að vegslóðin sé á tiltölulega flötu svæði í Þrengslum og verði helst sýnileg vegfarendum sem leið eiga eftir Þrengslavegi en sýnileiki verði minniháttar sökum fjarlægðar og flatneskju og áhrif á ásýnd því talin óveruleg.



5 Skipulag og leyfi

Ekki er gert ráð fyrir skipulagsbreytingum vegna framkvæmdarinnar. Lokaðir vinnuslóðar eru almennt ekki sýndir á aðalskipulagsuppdráttum sveitarfélaga. Svæðið er skilgreint sem óbyggt svæði á aðalskipulagi Ölfuss 2020-2036. Svæðið er einnig innan fjarsvæðis vatnsverndar (VF1) þ.e. ofan byggðar í vestanverðu Ölfusi og nær Herdísarvík og langleiðin að Hveragerði.

Skipulagsákvæði fjarsvæða í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfus eru eftirfarandi:

- Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal gæta fyllstu varúðar í meðferð efna sem talin eru upp í flokki grannsvæða. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu.
- Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi sveitastjórnar Ölfus skv. skipulagslögum, ásamt starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands skv. samþykkt um vatnsverndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og reglugerð um varnir gegn mengun vatns.

6 Niðurstaða

Um er að ræða aðkomuveg að mastri í Þrengslum, Sveitarfélaginu Ölfusi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.08 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi hennar og mengun sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar og verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til sérstæðra jarðmyndana sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Aðkomuvegurinn er staðsettur innan skilgreinds óbyggðs svæðis samkvæmt aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfus og óafturkræft rask mun verða á tæplega eins ha hraunasvæði sem nýtur sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd en um er að ræða hraun sem er tiltölulega ósnortið í Þrengslum. Þá liggur fyrir að fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan fjarsvæðis vatnsverndar. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í eðli sínu umfangslitlar og í ljósi þess og með hliðsjón af því að rask verður á mjög takmörkuðu svæði er ekki líklegt að framkvæmdirnar komi til með að hafa verulega neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins.

Í umsögnum Náttúrufræðistofnunar og Náttúruverndarstofnunar var bent á að vegslóðinn ætti að vera metinn samhliða umhverfismati á vindorkuveri sem standi til að reisa á svæðinu. Þessar tvær framkvæmdir haldist í hendur og ekki væri þörf á aðkomuveginum ef það væri ekki fyrir vindorkugarðinn.

Skipulagsstofnun telur ljóst að nauðsynlegt sé að fram fari vindmælingar áður en ákvarðanir um vindorkuver eru teknar og er það eitt af skilyrðum sem stofnunin hefur sett í álit sitt um matsáætlun



vegna vindorkuvera að vindmælingar hafi farið fram í ákveðinn tíma til að fyrir liggi hvort að viðkomandi svæði geti hentað fyrir vindorkuver.

Skipulagsstofnun telur, miðað við fyrirbyggjandi gögn, að fyrirhuguð vegaframkvæmd sé ekki líkleg til að hafa áhrif á grunnvatnshlotið Selvogsstraumur 3 (104-290-G). Stofnunin bendir hins vegar á að liggja þarf fyrir að fyrrnefnt vatnshlot nái umhverfismarkmiðum sínum um gott efnafræðilegt ástand og að við leyfisveitingar til framkvæmda á grundvelli vatnalaga og um leyfi á grundvelli skipulagslaga skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun, sbr. 3. mgr. 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Skipulagsstofnun telur að rask sem fylgir framkvæmdinni hafi minni háttar áhrif á vistgerðir, fuglalíf og fornminjar. Stofnunin telur að vegslóðinn muni ekki hafa neikvæð áhrif á ásjón svæðisins og verði vart sýnilegur vegfarendur á Þrengslavegi. Skipulagsstofnun leggur áherslu á góða umgengni og vandaðan frágang við framkvæmdirnar til að draga úr líkum á mögulegum neikvæðum áhrifum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Orkuveita Reykjavíkur og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins

Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrif framkvæmda ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 5. apríl 2025.

Reykjavík, 5. mars 2025

Jakob Gunnarsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir

